

Fyrir liggur fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14. fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 8. maí 2014. Þar afgreiddi nefndin, ásamt framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness, tillögu að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026, til auglýsingar, skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu.

Með bréfi dags. 9. maí 2014 sendi nefndin svæðisskipulagstillöguna, ásamt umhverfisskýrslu, til afgreiðslu sveitarstjórna á Snæfellsnesi.

Svæðisskipulagstillagan sjálf, ásamt umhverfisskýrslu, liggur frammi á vefnum <http://ssk-snaef.alta.is/> en er auk þess aðgengileg á pdf-formi.

Áður en svæðisskipulagsnefnd afgreiddi tillöguna fór fram kynning hennar fyrir almenningi, skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, auk þess sem leitað var umsagna fjölmargra aðila um tillöguna, þar á meðal sveitarfélaganna sjálfra. Einnig var leitað umsagna aðliggjandi sveitarfélaga, eins og skipulagslög áskilja. Vinnuferli, samráði og kynningu tillögunnar er nánar lýst í skipulagstillögunni.

Svæðisskipulagstillaga fyrir Snæfellsnes, ásamt umhverfisskýrslu, er í samræmi við þetta lögð fyrir hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps til samþykktar, sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir að tillaga svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, „Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026“, verði send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 23. gr. og til auglýsingar að óbreyttu skv. 24. gr. skipulagslaga.

Hreppsnefnd samþykkir jafnframt meðfylgjandi umhverfisskýrslu svæðisskipulagsnefndar „Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 Umhverfisskýrsla“ sem unnin er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og að hún verði kynnt samhliða skipulagstillögunni í samræmi við 7. gr. sömu laga.